

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 2009 í máli nr. E-5118/2009:

Pétur Steingrímsson

Björn Óskar Birgisson

Helga Arnberg Gestsdóttir

Sigurveig Sigtryggisdóttir

Guðjón Hjörleifsson

Haraldur Böðvarsson & Co ehf.

Karla ehf.

Albert Sveinsson

Theódóra Gunnarsdóttir

GTG fjárfestingar ehf.

Valgerður Bjarnadóttir

Magnús Jóhann Magnússon

Anna Björg Björgvinsdóttir

Aron Baldursson

Axel Ketilsson og

Axel Axelsson Living Trust

(Jóhann Haukur Hafstein hdl.)

gegn

Landsvaka hf. og

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

Landsbanka Íslands hf.

(Hlynur Jónsson hdl.)

Mál þetta var höfðað 16. apríl 2009 og dómtekið 4. þ.m.

Stefnendur eru Pétur Steingrímsson, Ásbúð 44, Garðabæ, Björn Óskar Birgisson, Dalbraut 3, Grindavík, Helga Arnberg Gestsdóttir, Ásvöllum 4a, Grindavík, Sigurveig Sigtryggsdóttir, Ásbúð 44, Garðabæ, Guðjón Hjörleifsson, Dverghamri 35, Vestmannaeyjum, Haraldur Böðvarsson & Co ehf., Birkihæð 1, Garðabæ, Karla ehf., Birkihæð 1, Garðabæ, Albert Sveinsson, Jörundarholti 184, Akranesi, Theodóra Gunnarsdóttir, Bandaríkjunum, GTG fjárfestingar ehf., Laufásvegi 10, Reykjavík, Valgerður Bjarnadóttir, Víkurási 2, Reykjavík, Magnús J. Magnússon, Birkiási 35, Garðabæ, Anna Björg Björgvinsdóttir, Birkiási 35, Garðabæ, Aron Baldursson, Fensölum 8, Kópavogi, Axel Ketilsson, Sunnufelli, Mosfellsbæ og Axel Axelsson Living Trust, kt. 500408-9790, Sunnufelli, Mosfellsbæ.

Stefndu eru Landsvaki hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík og Landsbanki Íslands hf., Austurstræti 11, Reykjavík en fyrir hönd þess félags var stefnt Lárusi Finnbogasyni, formanni skilanefndar.

Stefnandi, Pétur Steingrímsson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 16.797.735 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Björn Óskar Birgisson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 494.355 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Helga Arnberg Gestsdóttir, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða henni in solidum 653.460 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Sigurveig Sigtryggsdóttir, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða henni in solidum 3.433.691 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Guðjón Hjörleifsson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 386.032 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Haraldur Böðvarsson & Co ehf., krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða félaginu in solidum 2.237.873 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Karla ehf., krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða félaginu in solidum 951.366 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Albert Sveinsson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 1.576.493 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Theodóra Gunnarsdóttir, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða henni in solidum 2.244.294 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, GTG fjárfestingar ehf., krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða félaginu in solidum 1.505.582 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Valgerður Bjarnadóttir, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða henni in solidum 1.043.313 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Magnús J. Magnússon, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 6.809.912 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Anna Björg Björgvinsdóttir, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða henni in solidum 1.169.003 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Aron Baldursson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 1.828.404 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Axel Ketilsson, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 10.467.346 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi, Axel Axelsson Living Trust, krefst þess aðallega að stefndu verði gert að greiða honum in solidum 21.557.340 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnendur krefjast þess allir til vara að viðurkenndur verði með dómi réttur þeirra til skaðabóta úr hendi stefndu, in solidum, vegna þeirrar rýrnunar sem varð á verðmæti eignarhluta þeirra í peningamarkaðssjóði Landsbankans, Peningabréf ISK, og rekja megi til saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefndu við rekstur sjóðsins frá því stefnendur fjárfestu í sjóðnum og þar til honum var slitið þann 28. október 2008.

Bæði vegna aðalkröfu og varakröfu krefjast stefnendur þess að báðir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim málskostnað.

Stefndi, Landsvaki hf., krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

Stefndi, Landsbanki Íslands hf., krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

I

A

Í málinu ræðir um tjón sem stefnendur hafi orðið fyrir sem eigendur hlutdeildarskírteinis í peningamarkaðssjóðnum Peningabréf Landsbankans ISK, fjárfestingarsjóði starfræktum af stefnda, Landsvaka hf., dótturfélagi stefnda, Landsbanka Íslands hf. en nú NBI hf.

Sjóðir stefnda, Landsvaka hf., eru starfræktir á grundvelli laga um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003 en þar segir í 2. mgr. 1. gr. að verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir hafi það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og örum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Um þrjár tegundir sjóða getur verið að ræða, þ.e. verðbréfasjóði, sem eru sjóðir með starfsleyfi á EES-svæðinu, fjárfestingarsjóði, sem hafa starfsleyfi án heimildar til markaðssetningar á EES-svæðinu og sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem veita ekki viðtöku fé frá almenningi (fagfjárfestasjóðir).

Stefnendur voru eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum er honum var slitið 28. október 2008. Í 2. gr. laga nr. 30/2003 er orðið hlutdeildarskírteini skýrt sem fjármálagerningur sem sé staðfesting á tilkalli allra þeirra, sem eigi hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins og eigendur hlutdeildarskírteina eigi sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við hlutdeild sína. Í málinu liggja frammi reglur fyrir Peningabréf Landsbankans ISK frá því í júlí 2008 svo og útboðslýsing og útdráttur úr útboðslýsingu Peningabréfa Landsbankans ISK, hvort tveggja frá því í júlí 2008. Í lögum nr. 30/2003 er í 28. gr. kveðið á um útreikning innlausnarvirðis og í 29. gr. auglýsingu þess, í 47.-49. gr. er fjallað um útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu sjóðanna og um kynningarefni í 51. gr. Um öll framangreind ákvæði vísast jafnframt til 1. mgr. 52. gr. laganna. Í 53. gr. téðra laga er kveðið á um innlausnarskyldu en samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er heimilt með sérstökum takmörkunum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina.

Stefndi, Landsvaki hf., annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Hann tekur ákvarðanir um fjárfestingar sjóðanna og annast framkvæmd þeirra. Landsvaki hf. fól stefnda, Landsbanka Íslands hf., sölu- og markaðssetningu og önnur umsýsluverkefni varðandi sjóði sína, sbr. 18. gr. laga nr. 30/2003. Einnig var umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðanna falin bankanum sem vörslufyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 20. gr. laga nr. 30/2003.

Í 6. gr. reglna fyrir Peningabréf Landsbankans ISK og bls. 6 í útboðslýsingu segir: „Markmið með útgáfu Peningabréfa Landsbankans ISK er að ná góðri ávöxtum og dreifingu áhættu með því að fjárfesta í vel tryggðum skammtímaverðbréfum, einkum ríkis- og bankatryggðum víxlum og skuldabréfum, víxlum og skuldabréfum sveitarfélaga og öðrum vel tryggðum verðbréfum að mati stjórnar Landsvaka hf. Fjárfest verður í skuldabréfum þegar henta þykir á hverjum tíma. Þau skuldabréf, sem fjárfest er í, geta verið í mismunandi myntum þrátt fyrir að uppgjör sjóðsins sé í ISK. Við það getur myndast gjaldmiðlaáhætta sem leitast er við að eyða út jafnóðum með afleiðuviðskiptum. Markmiðið með fjárfestingarstefnunni er að Peningabréf Landsbankans ISK henti öllum fjárfestum, einstaklingum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og sjóðum sem vilja jafna ávöxtum, hvort sem fjárfest er til lengri eða skemmri tíma. Ávöxtunarviðmið sjóðsins er þriggja mánaða REIBID-vextir skráðir af Seðlabanka Íslands. . . “ Um fjárfestingarheimildir innan hvers fjárfestingarflokks, þ.e. hverrar tegundar verðbréfa og sjóða, segir m.a. að heimilt sé að fjárfesta í skuldabréfum fjármálafyrirtækja að 80% en í öðrum skuldabréfum að 50%.

Áhættuflokkar sjóða stefnda Landsvaka hf. voru sjö og því hærra númer sem flokkur hafði því meiri var áhættan. Sjóðurinn Peningabréf Landsbankans ISK var í flokki 1 og auk hans munu aðeins hafa verið í þeim flokki Peningabréf EUR, DKK, GBP og USD.

Í lögum nr. 30/2003 eru ýmis ákvæði sem lúta að eftirliti Fjármálaeftirlitsins með sjóðunum. Í minnisblaði stefnda Landsvaka hf. 14. nóvember 2008 vegna slita á peningamarkaðssjóðum segir um eftirlit: „Samkvæmt 66. gr. verðbréfasjóðalaganna hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að starfsemi verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög og reglugerðir. Til að sinna því eftirliti hefur Fjármálaeftirlitið aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum sem löggin taka til og það telur nauðsynlegt að fá. Um eftirlitið með sjóðunum gilda einnig lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Landsvaki hf. er undir innra eftirliti sjálfstæðrar eftirlitsdeildar auk innri endurskoðunar Innri endurskoðunardeildar Landsbankans í samræmi við samning þar um. Þar til viðbótar sjá ytri endurskoðendur Landsvaka hf., Pricewaterhouse Coopers, um endurskoðun félagsins og hafa í samræmi við skyldur sínar verið með reglubundið eftirlit á starfsemi félagsins.“

B

Hinn 29. september 2008 lýsti íslenska ríkisstjórnin því yfir að íslenska ríkið hygðist koma Glitni banka hf., sem þá var kominn í töluverða erfiðleika, til hjálpar með því að leggja til verulegt fjármagn og bæta þar með eiginfjárfstöðu bankans. Yfirlýstur tilgangur með þessari aðgerð var að tryggja stöðugleika á fjármálamarkaði og voru aðgerðirnar í samræmi við fyrri yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að ríkið myndi styðja við íslenskt fjármálakerfi. Engu að síður fylgdi í kjölfar þessa órói og óvissa á markaði.

Lokað var fyrir innlausnir úr sjóðnum, sem um ræðir í málinu, 6. október 2008. Sú ákvörðun var tekin af hálfu stefnda, Landsvaka hf., á grundvelli umróts sem var á fjármálamörkuðum og þeirrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins að lokað yrði tímabundið fyrir öll viðskipti með verðbréf útgefin af stefnda, Landsbanka

Íslands hf., Glitni banka hf., Kaupþingi banka hf., SPRON, Exista hf. og Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf. Alþingi samþykkti sama dag lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. („neyðarlögin“). Með lögnum voru m.a. innlán gerð að forgangskröfum við gjaldþrot fjármálafyrirtækja. Næstu daga féllu íslensku bankarnir einn af öðrum. Fjármálaeftirlitið ákvað 7. október að nýta heimild í lögum nr. 125/2008 og skipa skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar stefnda, Landsbanka Íslands hf.

Í greinargerð stefnda, Landsbanka Íslands hf., segir: „Þeir atburðir sem þarna gerðust voru bæði óvæntir og ófyrirséðir. Bresk stjórnvöld gripu til áður óþekktra aðferða gagnvart Landsbankanum, íslenskum stjórnvöldum og Seðlabanka Íslands og lýstu yfir beitingu hryðjuverkalaga gagnvart þessum aðilum. Ennfremur tóku bresk stjórnvöld yfir starfsemi Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi. Aðgerðin leiddi til þess að Landsbankinn og Kaupþing banki misstu allt lánstraust erlendis og lán voru gjaldfelld gagnvart þeim sem hafði í för með sér að þeir gátu ekki haldið áfram starfsemi.“

Hinn 17. október 2008 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrar félaga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða að grípa til aðgerða sem væru til þess fallnar að peningamarkaðssjóðum félaganna yrði slitið og eigendum hlutdeildarskírteina greiddar út eignir í formi innlána í hlutfalli við eign hvers og eins þannig að jafnræðis yrði gætt. Stefndi, Landsvaki hf., sendi hinn 28. október 2008 frá sér tilkynningu til Kauphallar Íslands um slit og ósk um afskráningu á Peningabréfum Landsbankans ISK.

S. Elín Sigfúsdóttir bankastjóri sendi f.h. Landsbankans hinn 10. desember 2008 opið bréf til hlutdeildarskírteinishafa peningamarkaðssjóðs Landsbankans ISK en umfjöllunin beindist einkum að „peningamarkaðssjóði í íslenskum krónum sem nefndist Peningabréf Landsbankans ISK (hér eftir Peningamarkaðssjóðurinn) og slitum á þeim sjóði“. Þar segir m.a. að tap sjóðfélaga hafi verið mikið áfall fyrir stjórnendur stefndu og er beðist velvirðingar á því tjóni sem hlutdeildarskírteinishafar hafi orðið fyrir. Þar segir einnig í inngangi: „Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Landsvaki hf. er dótturfélag Landsbankans með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða frá Fjármálaeftirlitinu. Sjóðir félagsins starfa eftir lögum um verðbréfasjóði, reglum sem settar eru fyrir hvern sjóð og útboðslýsingu. Félagið og sjóðir þess eru undir stöðugu eftirliti Fjármálaeftirlitsins og innra eftirlits Landsvaka hf., innri endurskoðunar Landsbankans, auk ytri endurskoðunar. Þessir aðilar fara með reglubundnum hætti yfir stöðu sjóðanna og starfsemi.“ Af öðru efni bréfsins skal þetta tilgreint: „Varðandi þá 31,2% lækkun sem varð á gengi sjóðsins við slit stöfuðu um 2/3 hlutar lækkunarinnar af lækkun á skuldabréfum íslensku viðskiptabankanna. Svo sem fram hefur komið áður vógu skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. þungt í eignasafni sjóðsins eða um 30% af heildareignum sem skýrir stærstan hluta þessarar lækkunar. Önnur lækkun stafaði af verðlækkun á skuldabréfum annarra fyrirtækja og fjárfestingarfélaga . . . Við sölu eigna sjóðsins fyrir slit hans var m.a. stuðst við mat á fyrirtækjaskuldabréfum sjóðsins frá óháðu endurskoðunarfélagi, KPMG. Öll viðskipti voru innan þess verðbils sem gat um í því mati. Gengisútreikningar og slit sjóðsins voru síðan yfirfarin af endurskoðendum sjóðsins, Pricewaterhouse Coopers. Viðskiptin fóru fram meðan bankaráð, sem skipað hafði verið til bráðabirgða, sat í bankanum. Nýskipað bankaráð hefur nú farið yfir viðskiptin af sinni hálfu og telur að ekki hafi verið

hallað á hagsmuni Peningamarkaðssjóðsins í þeim viðskiptum . . . “

Fram er komið að eignum Peningabréfa Landsbankans ISK hafi verið haldið aðskildum frá eignum bankans og rekstrarfélagsins og skyldi virði hans reiknað út frá metnu innlausnarvirði eigna sjóðsins á hverjum degi. Í tilvitnuðu bréfi S. Elínar Sigfúsdóttur er vísað til þess að áhættuflokkun sjóða byggist á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins sem segi að sé slík flokkun notuð skuli hún byggjast á sögulegum sveiflum á ávöxtun. Peningamarkaðssjóðurinn hafi verið opinn fyrir viðskipti í 4.735 daga og aldrei lækkað á milli daga heldur sýnt jafna ávöxtun eins og lagt hafi verið upp með. Við slit sjóðsins skiptist skuldabréfaeign eftir útgefendum þannig: Fjármálafyrirtæki 60%: Kaupþing 32,3%, Landsbanki 14,3%, Straumur 13,2 %, Sparisjóður Bolungarvíkur 0,2%. Önnur fyrirtæki 40%: Baugur 12,8%, Eimskip 8,4%, Samson 5,2%, Atorka 4,1%, FL Group/Stoðir hf. 3,9%, Mosaic 1,9%, Egla 1,3%, Exista 1,2%, Marel 1,1%. Sjóðurinn rýrnaði um 57 milljarða króna í vikunni fyrir lokun hans, úr 160 milljörðum í 103 milljarða króna, vegna innlausna.

II

Stefnendur krefjast þess í aðalsök að stefndu verði gert að greiða þeim skaðabætur vegna þess tjóns sem þeir hafi orðið fyrir þegar ákvörðun var tekin um að loka fyrir innlausnir úr sjóðnum, sem hér um ræðir, 6. október 2008, slíta honum 28. s.m. og í kjölfarið greiða stefnendum 68,8% af andvirði eignarhluta þeirra í sjóðnum.

Aðalkrafa hvers og eins stefnenda sundurliðast þannig:

<i>Pétur Steingrímsson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 53.838.895	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 37.041.160	68,8%
Samtals:	kr. 16.797.735	31,2%

<i>Björn Óskar Birgisson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 1.584.472	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 1.090.117	68,8%
Samtals:	kr. 494.355	31,2%

<i>Helga Arnberg Gestsdóttir</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 2.094.424	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 1.440.964	68,8%
Samtals:	kr. 653.460	31,2%

<i>Sigurveig Sigtryggsdóttir</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 11.005.419	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 7.571.728	68,8%
Samtals:	kr. 3.433.691	31,2%

<i>Guðjón Hjörleifsson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 1.237.282	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 851.250	68,8%
Samtals:	kr. 386.032	31,2%

<i>Haraldur Böðvarsson & Co ehf.</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 7.172.669	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 4.934.796	68,8%
Samtals:	kr. 2.237.876	31,2%

<i>Karla ehf.</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 3.049.250	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 2.097.884	68,8%
Samtals:	kr. 951.366	31,2%

<i>Albert Sveinsson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 5.052.862	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 3.476.369	68,8%
Samtals:	kr. 1.576.493	31,2%

<i>Theodóra Gunnarsdóttir</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 7.193.249	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 4.948.955	68,8%
Samtals:	kr. 2.244.294	31,2%

<i>GTG fjárfestingar ehf.</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 4.825.584	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 3.320.002	68,8%
Samtals:	kr. 1.505.582	31,2%

<i>Valgerður Bjarnadóttir</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 3.343.951	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 2.300.638	68,8%
Samtals:	kr. 1.043.313	31,2%

<i>Magnús J. Magnússon</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 21.826.642	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 15.016.730	68,8%
Samtals:	kr. 6.809.912	31,2%

<i>Anna Björg Björgvinsdóttir</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 3.746.804	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 2.577.801	68,8%
Samtals:	kr. 1.169.003	31,2%

<i>Aron Baldursson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 5.860.269	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 4.031.865	68,8%
Samtals:	kr. 1.828.404	31,2%

<i>Axel Ketilsson</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 33.549.185	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 23.081.839	68,8%
Samtals:	kr. 10.476.346	31,2%

<i>Axel Axelsson Living Trust</i>	<u>Fjárhæð</u>	<u>Hlutfall</u>
Eignarhlutur fyrir skerðingu:	kr. 69.094.039	100%
Eignarhlutur eftir skerðingu:	kr. 47.536.699	68,8%
Samtals:	kr. 21.557.340	31,2%

Stefnendur reisa kröfur sínar á því að stefndu hafi valdið þeim tjóni sem rekja megi að öllu leyti til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi þeirra. Um lagarök er vísað til laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Einnig vísa stefnendur til reglna fyrir Peningabréf Landsbankans ISK, almennu skaðabótareglunnar, reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og meginreglna kröfuréttarins.

Stefnendur byggja í fyrsta lagi á því að fjárfestingar sjóðsins og eignasamsetning hans hafi verið í ósamræmi við fyrir fram kunngerða fjárfestingarstefnu.

Stefnendur byggja í öðru lagi á því að markaðssetning sjóðsins hafi verið í ósamræmi við raunverulega markaðsáhættu hans og fjárfestingarstefnu. Stefnendur byggja í þriðja lagi á því að hlutdeildarskírteinishöfum hafi verið mismunað í aðdraganda þess að lokað var fyrir innlausnir úr sjóðnum 6. október 2008. Stefnendur byggja í fjórða lagi á því að forsvarsmönnum sjóðsins hafi borið að hlutast til um að takmarka frekari útgáfu hlutdeildarskírteina þegar þeim mátti vera ljóst að stækkun sjóðsins mundi auka verulega skuldaraáhattuna og hugsanlegt greiðslufall.

Stefnendur styðja varakröfur sínar, eftir því sem við á, með vísun til framangreindra málsástæðna. Telji dómurinn að ekki sé unnt að fallast á fjárkröfu stefnenda í aðalkröfu leiði það af reglum einkamálaréttarfars, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að þeir geti krafist viðurkenningar á bótaskyldu stefndu enda hafi þeir sannanlega orðið yfir fjártjóni vegna háttsemi þeirra.

Hinir stefndu mótmæla kröfum og málsástæðum stefnanda og eru að mestu samstiga um flutning máls og framsetningu málsástæðna en að auki er byggt á eftirfarandi málsástæðum af hálfu stefnda, Landsbanka Íslands hf.:

Aðildarskortur. Þau afmörkuðu verkefni, sem stefndi hafi haft með höndum vegna Peningabréfa Landsbankans ISK, en hér virðist einungis sala og markaðssetning geta haft þýðingu, hafi verið á grundvelli útivistunarsamnings við stefnda Landsvaka hf. í samræmi við heimild í 18. gr. laga nr. 30/2003 en samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar hafi útvistun verkefna rekstrarfélags til annarra aðila engin áhrif á ábyrgð þess gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Varúðarskylda kaupenda (fjárfesta). Bent er á að hér, eins og í öðrum fjárfestingum, hafi sú skylda hvílt á kaupendum (fjárfestum) að kynna sér upplýsingar og gögn um þau viðskipti sem stóðu fyrir dyrum en upplýsingar um Peningabréf Landsbankans ISK hafi verið skýrar, ítarlegar og aðgengilegar.

Tjón ósannað. Jafnvel þótt stefnendur hefðu sýnt fram á bótaskylda háttsemi stefnda telur hann að hafna yrði bótakröfu þeirra þar sem þeir hafi ekki sýnt fram á tjón sitt. Það standist engan veginn að miða bótakröfuna við gengi sjóðsins eins og það var síðast skráð. Jafnvel þótt öruggari fjárfestingarkostir hefðu fundist að mati dómsins sé ekki hægt að miða við að gengi sjóðsins hefði ekki lækkað í þeim hamförum sem farið hafi yfir hagkerfi heimsins. Það sé nánast sama hvar borið sé niður; allt hafi lækkað, hlutabréf, fasteignir og aðrar fjárfestingar, héraendis og erlendis. Til dæmis að taka ef stefnendur hefðu fjárfest að fullu í innlánnum þá hefðu þeir að óbreyttum lögum tapað stærstum hluta fjárfestingarinnar sem umfram sé hina lögbundnu tryggingu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda. Að mati stefnda hafi stefnendur ekki gert viðhlítandi grein fyrir bótakröfum sínum né heldur sýnt fram á orsakasamband á milli ætlaðs tjóns og ætlaðs saknæms og ólögmeðs atferlis á ábyrgð stefnda.

Hér verður greint í meginatriðum frá rökstuðningi aðila varðandi framan greindar málsástæður stefnenda:

Stefnendur vísa til þess að þegar lokað hafi verið fyrir innlausnir úr sjóðnum 6. október 2008 hafi engin verðbréf eða aðrar kröfur með ábyrgð ríkisins eða sveitarfélaga verið í eignasafni hans þótt fjárfestingarstefna hans gerði einkum ráð fyrir verðbréfum af þeim toga sem hafi numið um 20% af eignasafni sjóðsins á árunum 2000 - 2007. Þeir vísa einnig til þess að fjárfestingar sjóðsins, í íslenskum félögum sem tengjast fjármálamarkaðnum að miklu leyti, hafi falið í sér kerfislæga áhættu; flestir skuldararnir hafi verið í verulegum fjárhagsörðugleikum og átt við lausafjárskort að stríða á sama tíma og sjóðurinn var kynntur sem áhættulítill fjárfesting með örugga ávöxtun.

Stefndu kveða sjóðinn hafa verið innan fjárfestingarheimilda enda hafi hann lotið ríkum eftirlitsheimildum sem hafi verið fylgt eftir af innra eftirliti, innri endurskoðun og eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Á það er bent að ávöxtun Skuldabréfa sjóðs Landsbankans, sem fjárfesti eingöngu í ríkistryggðum bréfum, hafi verið mun óstöðugri en Peningabréfa ISK og í samræmi við það hafi áhættuflokkun Skuldabréfasjóðsins verið 4 en Peningabréfa ISK 1. Framboð á ríkistryggðum bréfum hafi verið afar takmarkað á árunum 2007 – 2008 og kjörin ekki viðunandi miðað við ávöxtunarkröfu sjóðsins. Við þessu hafi verið brugðist með því að auka hlutfall bankabréfa í eignasafni sjóðsins en bankarnir hafi haft traust lánshæfismat alþjóðlega viðurkenndra matsfyrirtækja, hið hæsta af íslenskum fyrirtækjum. Af umfjöllun Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, auk tilkynninga frá bönkunum í fréttakerfi Kauphallar Íslands, hafi ekki annað orðið ráðið en að bankarnir stæðu traustum fótum. Stöður hafi ekki verið auknar í öðrum félögum en viðskiptabönkunum og Marel á árinu 2008 en vísbendingar hafi ekki verið komnar fram um erfiðleika annarra félaga þegar fjárfest var í þeim.

2

Stefnendur vísa til þess að í kynningum og markaðsefni frá stefndu hafi sjóðurinn ávallt verið kynntur sem áhættulítill fjárfestingarkostur með örugga ávöxtun, sbr. auglýsing í Morgunblaðinu 2. október 2008 þar sem segi orðrét: „Örugg ávöxtun“ og í kjölfarið sé vísað til peningamarkaðssjóðs Landsbankans. Með vísun til hás og hækkandi skuldatryggingarálags Kaupþings banka hf. og Landsbankans hafi stefndu mátt vera ljóst að margt benti til þess að framangreindir skuldarar sjóðsins gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar. Jafnframt hafi önnur félög, sem voru hluti af eignasafni sjóðsins 6. október 2008, verið í verulegum fjárhagsörðugleikum. Samkvæmt 55. gr. laga nr. 30/2003 beri rekstrarfélagi, þ.e. stefnda Landsvaka hf., að greina fjárfestum frá þeirri áhættu sem felist í fjárfestingu í sjóði áður en viðskipti eigi sér stað, sbr. einnig b- og c- liði 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Þá kveða stefnendur áhættuflokkun sjóðsins hafa verið misvísandi. Stefnendur hafi ekki verið sérfróðir um fjárfestingar og áhættumat og því lagt til grundvallar þann almenna og rökrétta skilning að áhættuflokkur 1 af 7 hlyti að gefa vísbendingu um að sá flokkur væri áhættuminnstur. Þessu til samanburðar hafi Skuldabréfasjóður Landsbankans verið í áhættuflokki 4 þrátt fyrir að í honum væru eingöngu skuldabréf og önnur verðbréf (þ.m.t. innlán) með ábyrgð ríkisins. Þá er vísað til þess að fjárfestingarsjóðir hafi rýmri fjárfestingarheimildir en verðbréfasjóðir sem feli í sér að ekki hafi verið rétt að setja Peningabréf Landsbankans ISK í lægsta

áhættuflokk.

Stefndu mótmæla því að markaðssetning og upplýsingagjöf hafi verið villandi eða í ósamræmi við raunverulega áhættu. Hverjum, sem kynnti sér markaðsefni, útboðslýsingu, útdrátt úr henni eða önnur gögn, hafi ekki getað dulist að áhætta var fyrir hendi. Engin tilraun hafi verið gerð til þess að draga úr eða dylja áhættu tengda sjóðnum og skilmerkileg grein hafi verið gerð fyrir áhættuþáttum sjóðsins í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins í leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2004.

3

Stefnendur kveða forsvarsmönnum sjóðsins hafa borið að loka fyrir innlausnir eða a.m.k. fresta þeim þegar heildarfjármunir hans snarlækkuðu vikuna fyrir lokun hans, m.a. á grundvelli heimildar í 10. gr. regna fyrir sjóðinn, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2003. Forsvarsmönnum sjóðsins hafi borið að hlutast til um að selja undirliggjandi eignir hans í réttum hlutföllum þegar ljóst hafi orðið að verulegar innlausnir voru úr sjóðnum. Engum vafa sé undirorpið að auðseljanlegar eignir hafi verið seldar á kostnað annarra eigna, eins og t.d. skuldabréfa sem útgefin voru af félögum, sem skilgreind séu í útboðslýsingu sjóðsins sem „önnur skuldabréf“, en hlutfall þeirra hafi hækkað um rúm 10% í eignasafni sjóðsins vikuna fyrir lokun sjóðsins. Með þessu hafi jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa ekki verið haft að leiðarljósi eða jafnræðis gætt líkt og forsvarsmönnum sjóðsins hafi verið skylt samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2003.

Stefndu vísa til þess að sjóðurinn hafi verið opinn fyrir innlausnir allra sjóðfélaga þar til lokað var fyrir þær 6. október 2008. Stjórnendur sjóðsins hafi ekki talið ástæðu til að loka sjóðnum með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Viðskipti hafi gengið með eðlilegum hætti fyrir sig í Kauphöll Íslands. Við sölu eigna úr eignasafni sjóðsins hafi m.a. verið stuðst við mat frá óháðu endurskoðunarfélagi, KPMG, og öll viðskiptin hafi verið innan ásættanlegra marka samkvæmt því mati.

4

Stefnendur vísa til þess að sjóðurinn hafi stækkað ört á árunum 2007 og 2008 þrátt fyrir að útgáfa skammtímaverðbréfa með ábyrgð ríkis og/eða sveitarfélaga hafi verið takmörkuð. Engin rök hnígi að því að réttara sé að auka áhættu eigenda hlutdeildarskírteina en að takmarka frekari útgáfu skírteinanna. Með þessu hafi enn verið vegið að hagsmunum stefnanda með sagnæmum hætti sem hafi leitt til aukinnar áhættu á verðfalli eignarhluta þeirra í sjóðnum.

Stefndu vísa til þess að allt fram að hrúni íslensku viðskiptabankanna hafi fáa, ef nokkra, órað fyrir því að þeir mundu hrynja á nokkrum dögum sem og íslenskt efnahagslíf. Fjárfesting í skuldabréfum bankanna hafi verið sá kostur sem best uppfyllti kröfur um örugga og stöðuga fjárfestingu á þessum tíma þegar ríkisbréf voru af skornum skammti. Þá beri að hafa í huga að skuldabréf bankanna

hafi notið sömu tryggingastöðu og innlán við gjaldþrot og ekki hafi mátt gera ráð fyrir að þeirri stöðu yrði raskað með lagasetningu.

III

A

Lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sbr. einnig lög nr. 108/2007 og reglugerð nr. 995/2007, veita sjóðfélögum, þ.e. eigendum hlutdeildar skírteina, vernd óháð því hvernig fjárfestingin er til komin.

Stefndi, Landsbanki Íslands hf., hafði ekki einungis með höndum sölu og markaðssetningu vegna peningamarkaðssjóðsins Peningabréf Landsbankans ISK á grundvelli útvistunarsamnings við stefnda, Landsvaka hf., heldur var hann einnig vörslufyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 30/2003, hafði með höndum margháttuð verkefni sem þar greinir og ber ábyrgð gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina samkvæmt 1. mgr. 22. gr. tilvitnaðra laga. Að auki annaðist stefndi eftirlit með starfrækslu sjóðsins og endurskoðun. Samkvæmt þessu bera hinir stefndu óskipt ábyrgð gagnvart stefnanda og er ekki fallist á að sýkna beri stefnda, Landsbanka Íslands hf., vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Áhættuflokkun sjóðsins, sem um ræðir í málinu, byggðist á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2004 en þau eru reist á samevrópskum reglum um þetta efni. Áhættuflokkunin byggðist á sveiflum í ávöxtun. Mjög lágt staðalfrávik eða sveiflur í ávöxtun lá til grundvallar röðun sjóðsins í 1. (lægsta) áhættuflokk. Samanburður við t.a.m. Skuldabréfasjóð Landsbankans, sem fjárfesti í ríkistryggðum bréfum og var í 4. áhættuflokki, er ekki misvísandi eða villandi þar sem ávöxtun hans var mun óstöðugri.

Markaðsefni og upplýsingagjöf fyrir Peningabréf Landsbankans ISK voru aðgengileg og auðvelt að kynna sér reglur fyrir hann, útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingu á heimasíðu Landsbankans auk prentaðs efnis.

Í auglýsingu, sem stefnendur vitna til, er vísað í útboðslýsingu og útdrátt úr henni og athygli vakin á mismuni á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Einblöðungur lá frammi í útibúum stefnda, Landsbanka Íslands hf., auk útdráttar úr útboðslýsingu, með kynningarefni um Peningabréf. Þar segir að mikil áhersla sé lögð á stöðuga og örugga ávöxtun við rekstur sjóðsins enda séu sveiflur í ávöxtun mun minni frá degi til dags eða viku til viku „samanborið við sambærilega sjóði“. Sjóðurinn sé fjárfestingarsjóður og er athygli fjárfesta vakin á því að fjárfestingar sjóðir hafi rýmri fjárfestingarheimildir samkvæmt lögum nr. 30/2003 en verðbréfa sjóðir. Áhættustig sjóðsins, sem er kynnt sem hið lægsta af sjö, ákvarðist út frá sveiflum á gengi hans og reiknist út frá sögulegu staðalfrávikum en ekki sé lagt sérstakt mat á skuldaraáhættu verðbréfa hans.

Í útboðslýsingu sjóðsins eru m.a. hugtökin skuldaraáhætta og markaðsáhætta skilgreind. Um skuldaraáhættu segir: „Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi skuldabréfs geti ekki uppfyllt skyldur sínar um afborganir skuldabréfa. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáhætta er mjög

lítill ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf sveitarfélaga eða banka er að ræða. Mest er skuldaraáhætta ef keypt eru skuldabréf fyrirtækja.“ Um markaðsáhættu segir: „Öllum fjármálagerningum fylgir markaðsáhætta. Markaðsáhætta er áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis vaxtaáhætta, áhætta á verðbreytingum á hlutabréfum og gjaldmiðla-/gengisáhætta . . .“ Einnig er vakin athygli á því að hlutdeildarskírteini sjóðsins geti lækkað í verði ekki síður en hækkað og séu því ekki áhættulaus og kunni fjárfestar að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Þá geti ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, náttúruhamfarir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum valdið verðlækkun á verðbréfamarkaði, þ.m.t. á gengi hlutdeildarskírteina. Frá því er skýrt að áhætta sé til staðar vegna samþjöppunar eigna eða markaða, t.d. ef útgefendur skuldabréfa sameinist og dreifing eignasafns sjóða minnki í kjölfarið. Íslenski verðbréfamarkaðurinn sé smár í sniðum og eignatengsl milli einstakra útgefenda töluverð. Slíkt geti bæði haft áhrif á verðmyndun og afkomu einstakra félaga. Þá er greint frá áhættuflokkun og hún skýrð þannig að hún byggist á útreikningi á staðalfrávikum mánaðarávöxtunar sjóðsins í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins.

Af framangreindu verður ráðið að áhættustigið og öryggið vísi eingöngu til ávöxtunarinnar en aðrir flokkar áhættu komi þar ekki við sögu. Með hliðsjón af gengisþróun sjóðsins og þeim reglum, sem gilda um útreikning áhættustigs, verður því ekki talið að markaðssetning Peningabréfa Landsbankans ISK hafi verið villandi.

Til þess varð ætlast af stefnendum að þeir sýndu þá varúð að kynna sér kynningar- og markaðsefni, sem vörðuðu fjárfestinguna, og ekki aðeins við stofnun eignarhaldsins heldur einnig síðari breytingar, en útboðslýsing sjóðsins var síðast fyrir lokun hans uppfærð í júlí 2008.

Fjárhæðir aðalkrafna stefnenda er fundin sem mismunur á hinu skráða innlausnarvirði eignarhlutar hennar við lokun sjóðsins 6. október 2008 og þeirri fjárhæð sem var goldin fyrir hann eftir slit sjóðsins 28. s.m. Kröfurnar eru einvörð ungu byggðar á sök stefndu við rekstur og umsjón sjóðsins og um það efni að engu getið þess, sem leiddi til framangreindra atvika og er án nokkurs vafa í það minnsta meginorsök ætlaðs tjóns stefnenda; fall stærstu banka landsins og hrun efnahagskerfis þjóðarinnar. Af þessu leiðir að ekki verður fallist á kröfurnar eins og þær eru fram settar og þegar af þeirri ástæðu að á skortir um rökrænt samhengi fjárhæðar ætlaðs tjóns og þeirra málsástæðna sem krafan er studd verður ekki komist að niðurstöðu um aðra og lægri fjárhæð.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af aðalkröfum stefnenda.

B

Með tilvísun í framangreint var kynning sjóðsins í samræmi við reglur hans og útboðslýsingu svo og lagaákvæði sem hana varða, sbr. einkum 51. gr. laga nr. 30/2003, kynningarefni var skýrt og aðgengilegt og markaðssetning á engan hátt villandi.

Sem fyrr greinir var auglýst fjárfestingarstefna Peningabréfa Landsbankans ISK að fjárfesta í vel tryggðum skammtímaverðbréfum, einkum ríkis- og banka tryggðum víxlum og skuldabréfum, víxlum og skuldabréfum sveitarfélaga og öðrum vel tryggðum verðbréfum. Í töflu í útboðslýsingu er tilgreint hve stórt hlutfall ofangreindir bréfaflokkar megi vera af heildarfjárfestingum sjóðsins. Hlutföllin eru á bilinu 0-100% fyrir alla flokka nema Skuldabréf fjármálafyrirtækja þar sem bilið er 0-80% og Önnur skuldabréf þar sem bilið má vera 0-50%. Fjárfestingar sjóðsins voru innan þessa ramma. Svigrúmið samkvæmt útboðslýsingunni er vítt og mátti stefnendum vera ljóst að kynningarefni, t.d. einblöðungur sem lá frammi, fól ekki í sér nákvæm fyrirmæli um hver eignasamsetning sjóðsins skyldi vera.

Í útboðslýsingu sjóðsins lúta einu ákvæðin, sem varða stærð hans, að því að stjórn hans hafi heimild til að slíta honum fari stærð hans niður fyrir 200 milljónir króna. Ekkert hámark er þar tilgreint og ekki varð ætlast til að forráðamenn sjóðsins sæju fyrir atburðarásina sem fór af stað í byrjun októbermánaðar 2008.

Samkvæmt þessu er ekki fallist á varakröfu á grundvelli þeirra málsástæðna stefnenda sem lúta að því að fjárfestingar sjóðsins og eignasamsetning hans hafi verið í ósamræmi við fyrir fram kunngerða fjárfestingarstefnu, markaðssetning sjóðsins hafi verið í ósamræmi við raunverulega markaðsáhættu hans og fjárfestingarstefnu og að forsvarsmönnum sjóðsins hafi borið að hlutast til um að takmarka frekari útgáfu hlutdeildarskírteina þegar þeim mátti vera ljóst að stækkun hans mundi auka verulega skuldaraáhættuna og hugsanlegt greiðslufall.

Stefnendur telja að sjóðsstjórnin hefði átt að selja eignir í réttum hlutföllum þegar sjóðurinn minnkaði um rúman þriðjung og verður það skilið þannig að hlutdeild eignaflokka hefði átt að haldast óbreytt þrátt fyrir minnkunina. Ekki verður séð að bein fyrirmæli í þessa veru séu í reglum sjóðsins.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði segir að „mat á eignum verðbréfasjóðs, fjárfestingarsjóðs eða sjóðsdeildar skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna“. Í 5. gr. sömu reglugerðar segir að „fyrir hvern verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða einstaka sjóðsdeild skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerninga . . . í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina eða hluta endurspegli sem best verðmæti eigna hlutaðeigandi sjóðs eða deildar á hverjum tíma“. Tilvitnuð ákvæði fela í sér að sé matsverð tiltekinna bréfa ekki fært niður þrátt fyrir vaxandi óvissu um verðmæti þeirra skuli sú óvissa leiða til hærri stöðu á niðurfærslureikningi. Það hefur í för með sér lægra gengi á hlutdeildarskírteinum en ella hefði orðið.

Vitnin Stefán Héðinn Stefánsson, fyrrverandi stjórnarformaður stefnda, Landsvaka hf., og Guðrún Una Valsdóttir, sjóðsstjóri Peningabréfa Landsbankans ISK, báru að almenn niðurfærsla, sem var ekki tengd einstökum félögum, til að mæta niðurskrift eða tapi á bréfum hafi numið nálægt einum milljarði króna. Á stöðulista fyrir sjóðinn kemur fram að staðan á niðurfærslureikningi hafi verið eftirfarandi: 0 kr. 31. desember 2007, 100 milljónir kr. 30. júní 2008, 400 milljónir kr. 30. júlí s.á., 400 milljónir kr. 31. ágúst s.á. og 400 milljónir kr. 30. september s.á. Í tölvupósti sjóðsstjórans 17. september 2009 til lögmanns stefnda, Landsvaka

hf., kemur fram að heildarniðurfærsla hafi numið 790 milljónum króna 6. október 2008. Á niðurfærslureikningi í bókhaldinu voru þó, sem fyrr greinir, einungis 400 milljónir króna sem skiptust í sértæka niðurfærslu, 193 milljónir króna, og almenna niðurfærslu, 207 milljónir króna. Stefán Héðinn Stefánsson bar að óvissa um getu Nýsis hf. til að standa við skuldbindingar samkvæmt ákvæðum útgefina skuldabréfa hefði verið ástæðan fyrir hækkun á stöðu niðurfærslureikningsins í júlí 2008. Peningabréf Landsbankans ISK átti skuldabréf útgefin af Nýsi hf. að fjárhæð 193 milljónir króna sem höfðu verið í vanskilum frá því í júní 2008. Þær 390 milljónir króna, sem mynda áður nefnda heildarniðurfærslu, til viðbótar við hina bókfærðu, voru því eins konar varúðarfærsla. Í fyrrgreindum tölvupósti segir: „Stjórn Landsvaka tók reglulega ákvarðanir um varúðarfærsluna og ákvað reglulega hvort tilefni væri til að setja frávikið á bókhaldslykilinn Niðurfærsla.“

Í útboðslýsingu Peningabréfa Landsbankans ISK segir: „Leyfilegt frávik á gengi hlutdeildarskírteina er 0,8% og skal það leiðrétt innan þriggja mánaða.“ Samkvæmt þessu má matsvirði eigna sjóðsins víkja sem nemur 0,8% frá verðmæti útistandandi hlutdeildarskírteina. Þessari heimild til 0,8% frávíks er augljóslega ætlað að jafna tilviljanakenndar sveiflur á daglegu markaðsgengi skráðra eigna sjóðsins, enda upplýsti Guðrún Una Valsdóttir sjóðsstjóri að frávik þetta gæti hvort heldur sem er verið jákvætt eða neikvætt og að hún hefði séð hvort tveggja í starfi sínu. Frávikið virðist hafa aukist eftir því sem leið á árið 2008 fram að lokun sjóðsins. Sú þróun er vel skiljanleg í ljósi sveiflukennds en þó hækkandi skuldatryggingarálags á útgefendur helstu eigna sjóðsins. Sveiflur í skuldatryggingarálagi geta verið forboði sveiflna í markaðsverðmæti skuldabréfa. Frávik þetta má ekki telja hluta af niðurfærslureikningi eins og ætla má að verið hafi, sbr. framangreinda vitnaframburði um að staða á niðurfærslureikningi hafi numið um einum milljarði króna.

Í Vegvísi Landsbankans, dags. 20. júní 2008, er frétt um 101 milljónar evra tap Eimskips á öðrum ársfjórðungi og í frétt frá Kauphöll Íslands 10. september 2008 segir að verulegar líkur séu á að 207 milljóna evra ábyrgð vegna XL Leisure Group muni falla á Eimskip. Samkvæmt stöðulistum átti sjóðurinn Peningabréf Landsbankans ISK skuldabréf útgefin af Eimskip hinn 30. júní 2008 að matsvirði samtals 4.022,5 milljónir króna, hinn 31. júlí s.á. að matsvirði 4.080,5 milljónir króna, hinn 31. ágúst s.á. að matsvirði 4.139,4 milljónir króna og hinn 30. september s.á. að matsvirði 4.196,8 milljónir króna. Hér var allan tímann um sömu skuldabréfin að ræða, úr flokkunum EIM 04 1 og HFEIM 07 2. Þróun matsvirðis þessara bréfa á stöðulistunum bendir til þess að þar hafi einungis verið bætt við áföllnum vöxtum. Forráðamenn sjóðsins létu þannig slæmar fréttir af gengi Eimskips ekki koma fram í mati á bréfum útgefnum af Eimskip í eignasafni hans. Eigi verður heldur séð að tilgreindar fréttir hafi haft áhrif á niðurfærslureikninginn. Sama á við um verðmæti bréfaeignar sjóðsins í Samson eignarhaldsfélagi sem laskaðist við þetta slæma gengi Eimskips. Eigi verður heldur séð að tilgreindar fréttir hafi haft áhrif á niðurfærslureikninginn. Stefán Héðinn Stefánsson greindi frá því að stjórnin hefði frá því um vorið 2008 haft vaxandi áhyggjur af stöðu Eimskips og hraðlækkandi eiginfjárhlutfalli félagsins. Menn hefðu þó talið Eimskipsbréfin örugg, ekki síst í ljósi þess að kröfur XL Leisure Group á félagið færðust aftur í veðröð. Á minnisblaði frá núverandi framkvæmdastjóra stefnda, Landsvaka hf., dagsettu 23. nóvember sl., segir að hafi eitthvað breyst þann 10. september 2008 hafi það verið vegna yfirlýsingar stærstu eigenda Eimskips um að þeir mundu kaupa kröfuna félli hún á félagið og fresta gjalddaga hennar. Það hafi

verið lánardrottnum félagsins fremur til hagsbóta því krafan hefði þá vikið fyrir öðrum kröfum. Á þessi rök verður ekki fallist því að ljóst er af mörgum fréttum um málið að stærstu lánveitendur XL Leisure Group, og eigendur umræddrar kröfu, voru Landsbankinn og Straumur-Burðarás og því um bein eignatengsl að ræða milli upphaflegra kröfueigenda og eigenda Eimskips. Yrði einn þessara aðila fyrir stóru áfalli myndi það óhjákvæmilega raska eiginfjárstöðu eins eða fleiri hinna, enda voru þeir tengdir með flóknum hætti gegnum umfangsmikil krosseigna- og krossskuldatengsl. Út frá þessu má þá einnig ætla að verðmæti bréfaeignar sjóðsins í Samson eignarhaldsfélagi hafi laskast við þessar fréttir.

Af framangreindu leiðir að á það er fallist með stefnendum að hlutdeildar skírteinishöfum hafi verið mismunað í aðdraganda að lokun sjóðsins 6. október 2008 eftir því hvort þeir innleystu hlutdeild sína eða ekki. Þeir, sem innleystu hlutdeild sína frá 10. september 2008 til lokunar 6. október s.á., fengu of hátt verð fyrir eignarhluti sína í sjóðnum sem leiddi til þess að eign þeirra, sem eftir sátu, rýrnaði að sama skapi. Með þessu hafa stefndu ekki gætt jafnræðis sjóðfélaga hlutdeildarskírteinishafa eins og þeim var skylt, sbr. m.a. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2003, og bakað sér bótaskyldu gagnvart stefnendum. Heildartjónið, sem og hlutfallslegt tjón stefnenda hvers og eins, er unnt að meta út frá gögnum í bókhaldi sjóðsins.

Samkvæmt framangreindu er fallist á varakröfur stefnanda að því marki sem hér var lýst.

C

Ákveðið er að aðilar málsins skuli bera hver sinn kostnað af rekstri þess.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdóms mennirnir Bjarni Frímann Karlsson lektor og Þórólfur Matthíasson prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Landsvaki hf. og Landsbanki Íslands hf., eru sýknir af aðalkröfum stefnenda, Péturs Steingrímssonar, Björns Óskars Birgissonar, Helgu Arnberg Gestsdóttur, Sigurveigar Sigtryggisdóttur, Guðjóns Hjörleifssonar, Haraldar Böðvarssonar & Co ehf., Körlu ehf., Alberts Sveinssonar, Theodóru Gunnarsdóttur, GTG fjárfestingum ehf., Valgerðar Bjarnadóttur, Magnúsar J. Magnússonar, Önnu Bjargar Björgvinsdóttur, Arons Baldurssonar, Axels Ketilssonar og Axels Axelssonar Living Trust.

Viðurkenndur er réttur sérhvers stefnenda til skaðabóta óskipt úr hendi stefndu að því marki sem nánar greinir í forsendum dómsins, kafla III B.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður H. Stefánsson

Bjarni Frímann Karlsson

Þórólfur Matthíasson